

## LÖG

### um breytingu á lögum um tekjuskatt og lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur (skattlagning tekna af höfundaréttindum).

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

#### I. KAFLI

##### Breyting á lögum um tekjuskatt, nr. 90/2003, með síðari breytingum.

###### 1. gr.

Við 3. mgr. 66. gr. laganna bætist nýr málslíður, svohljóðandi: Þrátt fyrir ákvæði 3. tölul. A-liðar 7. gr. skulu greiðslur til höfunda og/eða annarra einstaklinga sem réttihafa vegna síðari afnota eftir að verk skv. 1. gr. höfundalaga, nr. 73/1972, hefur verið gert aðgengilegt almenningi, birt eða gefið út, sbr. 2. og 3. gr. sömu laga, teljast til fjármagnstekna án nokkurs frádráttar.

#### II. KAFLI

##### Breyting á lögum um staðgreiðslu skatts á fjármagnstekjur, nr. 94/1996, með síðari breytingum.

###### 2. gr.

Á eftir 21. gr. laganna kemur ný grein, 21. gr. a, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:  
*Greiðslur til höfunda og/eða annarra einstaklinga sem réttihafa.*

Ákvæði laga þessara, svo sem um skilaskylda aðila, afdrátt staðgreiðslu og skilaskyldu staðgreiðslu, gilda um greiðslur til höfunda og/eða annarra einstaklinga sem réttihafa vegna síðari afnota eftir að verk skv. 1. gr. höfundalaga, nr. 73/1972, hefur verið gert aðgengilegt almenningi, birt eða gefið út, sbr. 2. og 3. gr. sömu laga, sbr. 4. málsl. 3. mgr. 66. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003.

###### 3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2020 og koma til framkvæmda við staðgreiðslu á árinu 2020 og við álagningu á árinu 2021.

*Gjört á Bessastöðum, 5. september 2019.*

**Guðni Th. Jóhannesson.**

(L. S.)

\_\_\_\_\_  
*Bjarni Benediktsson.*